

Garðabær  
Arinbjörn Vilhjálmsson  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 19. janúar 2022  
UST202111-275/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Víðiholt, íbúðabyggð og hesthúsahverfi í Breiðumýri á Álftanesi – Garðabær.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 29. nóvember sl. sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Víðiholt, íbúðabyggð og deiliskipulagi fyrir hesthúsahverfi í Breiðumýri en svæðin eru á Álftanesi í Garðabæ. Í erindinu kemur fram að tillagan í Víðiholti gerir ráð fyrir íbúðabyggð á tveimur til þremur hæðum, alls 75 íbúðir í fjölbýli og raðhúsum. Auk þess kemur fram að tillaga hesthúsahverfisins gerir ráð fyrir hesthúsabyggð, félagsheimili, reiðskemmu og reiðstígum.

Í greinargerð kemur einnig fram að skólpi frá allri byggð innan skipulagssvæðisins verður veitt inn í fráveitukerfi bæjarins sem liggur um núverandi þrýstilagnakerfi til sjávar um úthlaup norðan við eiðið út í Hrakhólma. Stefna Garðabæjar varðandi fráveitumál á Álftanesi er að byggja upp fráveitukerfið með einni hreinsistöð á landi við Hrakhólma og leggja af hreinsun með þróum.

Í svörum sveitarfélagsins dags. 17. janúar sl. kemur fram að fyrirhuguð hreinsistöðin er hugsuð sem grófhreinsistöð líkt og sambærilegar stöðvar sem byggðar hafa verið við viðtaka sem hafa verið skilgreindir síður viðkvæmir. Einnig segir að viðtakinn utan við Álftanes er óskilgreindur en að öllum líkindum þess eðlis. Grófhreinsistöðin verður útfærð þannig að hún sé stækkanleg ef kröfur um hreinsun verða auknar.

Auk þess segir að verkefnið er skammt á veg komið, skipulagsmál eru eftir og um töluverða uppbyggingu að ræða. Nýlega var gerð áætlun um fjárfestingarhraða í tengslum við styrkveitingar til fráveituuppbyggingar og þar var miðað við að þessi uppbygging kláraðist á næstu 7 árum.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á kynningartíma.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20-%20V%20ad%20b0iholt%2010.9.21.docx.pdf>

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur